



KPMG ehf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2017.

**Efni: Umsögn KPMG ehf. um 86. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (gengishagnaður), á þingskjali 143.**

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 7. mars 2017 er KPMG ehf. gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp. Af því tilefni sér KPMG ehf. ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er lagt til að felld verði brott ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem kveðið er á um að innleystur gengishagnaður, reiknaður með tilteknum hætti, af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt skuli teljast til skattskyldra tekna manna utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi þeirra á því ári sem innlausn á sér stað.

Af greinargerð með tillögnum má ætla að vilji flutningsmanns standi til þess að gengishagnaður manna utan atvinnurekstrar, af innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt, skuli ekki sæta skattlagningu.

KPMG ehf. telur að brottfelling ákvæðis 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 sé ekki til þess fallin að ná fram þeim ætlaða vilja flutningsmanns.

Í 3. tölul. C-liðs 7. gr. laga nr. 90/2003 er kveðið á um að til skattskyldra tekna teljist „*Vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður, sbr. 8. gr.*“ Ákvæði þetta tekur jafnt til vaxta, verðbóta, affalla og gengishagnaðar utan sem innan rekstrar. Í 3. mgr. 66. gr. sömu laga er kveðið á um að í tilviki manna utan rekstrar skuli tekjur þessar aðeins sæta 20% skattlagningu. Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 eru skýrð nánar hugtökin skattskyldir vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður. Samkvæmt 1. mgr. 5. tölulíð málsgreinarinnar tekur skattskylda til „*gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok.*“ Ef ekki væri öðrum ákvæðum fyrir að fara bæri að telja til skattskylds gengishagnaðar hvers tekjuárs áfallinn gengishagnað á árinu. Því er þó ekki þannig varið þar sem fyrir er að fara ákvæðum er kveða á um önnur tímamörk skattskyldunnar. Í 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 er kveðið á um að í skattskilum atvinnurekstrar skuli mismun gengistaps og gengishagnaðar hvers rekstrarárs dreift til skattlagningar á þrjú ár. Í 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 er hins vegar kveðið á um að gengishagnaður manna utan rekstrar skuli ekki teljast til skattskyldra tekna fyrr en við innlausn hagnaðarins.

Nái fram að ganga umrædd tillaga, um brottfellingu 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, verður ekki annað séð en að gengishagnaður manna utan rekstrar verði eftir sem áður skattskyldur, en skuli skattleggjast þegar hann fellur á, í stað þess að skattleggjast við innlausn eins og nú er kveðið á um.

Ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 var búið í gildandi horf með 1. gr. laga nr. 165/2010. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga segir:

*„Komið hefur fram gagnrýni á núgildandi ákvæði og er því lögð til sú breyting á tekjufærslu gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt sem er í eigu einstaklinga utan atvinnurekstrar að hún eigi sér stað við úttekt af reikningum og þannig sé horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Jafnframt verði hið sama látið taka til hvers konar krafna í erlendri mynt.“*

KPMG ehf. tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í þessum orðum og telur þá breytingu sem lögð er til á þingskjali 143 vera til hins verra.

Athygli er jafnframt vakin á því að í umræddu frumvarpi er ekki lögð til nein breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en í 3. mli. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga er kveðið á um að til staðgreiðsluskyldra vaxta teljist gengishagnaður innleystur á staðgreiðsluári.

Þótt ekki varði það umrætt frumvarp getur KPMG ehf. ekki látið hjá líða að vekja athygli á orðalagi skilgreininga gengishagnaðar og gengistaps í 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 90/2003. Eftir orðanna hljóðan nær gengishagnaður aðeins yfir gengisbreytingu eigna í erlendri mynt og gengistap aðeins yfir gengisbreytingu skulda í erlendri mynt. Ekki virðist gert ráð fyrir að íslensk króna geti styrkst gagnvart öðrum gjaldmiðlum og gengishagnaður þannig myndast af gengisbreytingu skulda og gengistap myndast við gengisbreytingu eigna. Orðalag þetta virðist þó ekki hafa valdið teljandi vandræðum í skattframkvæmd.

Virðingarfyllst,

**KPMG ehf.**

